UMHVERFIS
STOFNUN

Samherji fiskeldi ehf.
Glerárgötu 30
600 Akureyri

Reykjavík, 26. febrúar 2020
UST201904-156/H.R.A.
08.10.02

**Efni: Málslok**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 27. desember sl. þar sem óskað var eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna fráviks er fram kom í eftirliti stofnunarinnar er fram fór þann 10. október 2019 í Samherja fiskeldi ehf., Núpsmýri Öxarfirði. Þann 3. janúar 2020 barst úrbótaáætlun rekstraraðila. Þann 21. janúar sl. bárust stofnuninni niðurstöður mælinga á svifögnum líkt og áætlað hafði verið í framlagðri úrbótaáætlun rekstraraðila.

**Frávik er eftirfarandi:**

1. **Gr. 4.3 í starfsleyfi.** Taka skal sýni og mæla svifagnir og lífrænt efni í frárennsli. Fyrsta mæling átti að fara fram fyrir 1. mars 2019 og næsta fyrir árslok 2019. Svifagnir hafa verið mældar mánaðarlega í frárennsli en í febrúar 2019 var COD einungis mælt í viðaka, ekki frárennsli, sbr. lýsingu í gátlista. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila sem barst 3. janúar átti að mæla COD í frárennsli fyrir 15. janúar. Niðurstöður mælinga á svifögnum, COD og $BOD_5$ bárust 21. janúar en sýnin voru rannsökuð 10. janúar. Frávikinu telst því lokið.**

**Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikunum lokið. Aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
Sérfræðingur

Helga Rut Arnarsdóttir
Lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Iceland

+354 591 2000
www.ust.is